

Batahús

Tilgangur, greining
og framtíð



September 2025

vinnsluskjal 4



Inngangur

Fjárfesting í mannauði

Endurhæfing eftir að einstaklingur lýkur afplánun er ekki aðeins mannúðar- og réttlætismál. Þetta er ein hagkvæmasta fjárfesting sem samfélagið getur ráðist í. Á hverju ári ljúka tugir einstaklinga afplánun á Íslandi með takmarkaða möguleika á húsnæði, atvinnu og félagslegu stuðningsneti. Afleiðingin er há endurkomutíðni í fangelsi, með tilheyrandi mannlegum þjáningum og samfélagslegum kostnaði sem nemur tugum milljóna króna á hvern einstakling á ári.

Batahús var stofnað árið 2021 til að rjúfa þennan vítahring. Með öruggu húsnæði, einstaklingsmiðaðri og áfallamiðaðri nálgun og jafningjastuðningi hefur úrræðið þegar sýnt fram á mælanlegan árangur: færri endurkomur í fangelsi, aukin sjálfsbjargargeta og verulegur samfélagslegur sparnaður. Fyrir hverja krónu sem fjárfest er í Batahúsi hefur margföld ávöxtun skilað sér í minni kostnaði vegna afbrota, heilbrigðisþjónustu og félagsmála.

Systurverkefnið, Bataakademían, vinnur á enn dýpri vettvangi með þátttakendum – í anda kærleika, virðingar og mannlegra gilda. Þar er lögð áhersla á innri styrkingu, sjálfsþekkingu og lærdóm í gegnum fjölbreyttar aðferðir, allt frá jafningjastuðningi og áfallavinnu til andlegrar iðkunar og samfélagslegrar virkni. Þessi mannlega nálgun bætir ekki aðeins lífsgæði einstaklinganna heldur eflir þá sem virka og ábyrga borgara.

Í þessari skýrslu er rakið hvernig Batahús og Bataakademían hafa byggt upp árangursríkt endurhæfingarkerfi sem skilar áþreifanlegum samfélagslegum ávinningi. Einnig er kynnt framtíðarsýn sem gerir ráð fyrir aukinni þjónustu, stækkun húsnæðis og dýpri einstaklingsmiðaðri vinnu – aðgerðir sem geta margfaldað áhrifin og tryggt að enn fleiri einstaklingar snúi ekki aftur í fangelsi.

Batahús er ekki aðeins úrræði, það er fjárfesting í mannauði, samfélagslegu öryggi og sjálfbærni til framtíðar.



Batahús



Batahús

Sterkari einstaklingar

Batahús var opnað í janúar 2021 og er því 4 ára um þessar mundir. Sú hugmyndafræði sem hefur verið unnið eftir, um að nálgast fólk sem til okkar kemur sem jafningja sem þarfnast stuðnings og öruggs húsnæðis, hefur gefist vel.

Nú eru Batahúsin á þremur stöðum í miðborg Reykjavíkur (101) og er pláss fyrir alls 14 íbúa, 10 karla og 4 konur.

Nú í janúar barst okkur umsókn nr. 200 og hefur umsóknafjöldinn verið nokkuð jafn, kringum 50 á ári. Þó margir af þeim sem sækja um uppfylli ekki inntökuskilyrðin þá segir þetta okkur að þörfin er mun meiri en framboðið og að við getum ekki boðið öllum, sem eru að losna úr fangelsi og þarfnast úrræðis á borð við Batahús, húsnæði hjá okkur.

Sú virkni og iðkun sem boðið er upp á er margþætt og heldur vel utan um þá sem vilja taka þátt í henni. Hún miðar að því að fólkið sem er hjá okkur temji sér reglu í daglegu lífi s.s. að vakna á morgnana og sækja sér þá hæfni/endurhæfingu sem hver og einn sækir í hvaða formi sem hún er og höfum við horft til þeirra úrræða sem til staðar eru í samfélaginu eins og t.d. Grettistak og Virk.

Við miðum að því að einstaklingurinn komi sterkari frá okkur og vinni markvisst að því, með stuðningi okkar og fagfólks, að standa á eigin fótum að dvöl lokinni. Stefnt er að því að hámarksdvalartími í Batahúsi séu 2 ár en undantekningar eru gerðar á því ef þurfa þykir.

Bataakademían



Bataakademían

Í ljósi þess að flestir sem dvelja í fangelsum á Íslandi eru einstaklingar í fíkníójafræðingum, sem eiga sér einnig áfallasögu frá bernsku, þá er ljóst að þessa einstaklinga er hægt að grípa, vinna með og efla getu þeirra til að taka ábyrgð á sjálfum sér til þess að koma í veg fyrir að þeir lendi aftur í fangelsi. Nútímasálfræði og þerapísk fræði um þennan hóp sýna okkur að það eru til margar leiðir til að hjálpa þeim við að ná tökum á eigin lífi. Endurkomutiðni í fangelsum á Íslandi er nálægt 50% og ágætt að hafa í huga að þetta eru oft erfiðustu skjólstæðingar fangelsanna. Þessir einstaklingar flókna sögu, hafa ítrekað farið í meðferðir og hverfa lengra og lengra í mikinn harm fyrir sjálfan sig og aðra. Þetta er einmitt sá hópur sem Bataakademían hefur sett sérstakan fókus á. Hjálpa þeim að kynna sjálfum sér og skilja ástæður þeirrar stöðu sem þeir eru í og mikilvægi þess að læra að taka ábyrgð á sjálfum sér. Reynslan hefur sýnt að einstaklingarnir öðlast þessa getu í starfi Bataakademíunnar.

Bataakademían notast við fjölbreytt úrræði, bæði formlegra og óformlegra, s.s. samtöl við áfalla- og fíknifræðinga, tengingar við Virk, Grettistak o.fl. Einstaklingarnir eru jafnframt virkjaðir í svett, jóga, öndun o.fl. sem eru til þess fallin að valdefla einstaklinginn og gefa honum skilning og getu til að grípa sjálfan sig og ná þannig mögulegum bata.

Stór hluti af starfi Bataakademíunnar er að vinna með einstaklingum í fangelsum á jafningjagrunni. Einstaklingar sem taka þátt í starfi Bataakademíunnar fá, að fengnu leyfi hjá fangelsismálastofun, að koma inn í fangelsin og taka þátt í þessu starfi. Fyrir einstakling í bata þá eflir þetta með þér samkennd og kærleik gagnvart sjálfum þér og öðrum sem er lykill batans. Þetta gefur góða líðan og verður oft hryggjarstykkið í nýjum lífsstíl. Sterkustu einstaklingarnir leita sér síðan oft menntunar bæði í ráðgjafaskóla Íslands, öndun, félagsráðgjöf o.fl.

Í hvert skipti sem farið er inn í fangelsin með viðburði eins og öndun, jóga svett o.fl. er þátttakendum í Bataakademíunni boðið að taka þátt enda er samtal þeirra sem eru í bata við þá sem sitja inni mjög árangursríkt tæki fyrir báða aðila. Þarna sitja saman einstaklingar sem skilja hvorn annan og geta sett sig í spor hins enda þekkjast þessir aðilar oft áður úr neyslu og afbrotum. Þarna myndast traust sem er lykill þess að samtal geti síðar skilað árangri.

Svett

Svett er andleg athöfn sem er fengin að láni frá fyrstu þjóðum Norður- og Mið-Ameríku. Svettið kemur fyrst til Íslands fyrir 50 árum með indjábanum Nónó og úr því varð svitahofið í Elliðaárdal. Tólli Morthens kynnist þessu árið 1996 í Elliðaárdal og stundaði svett undir þeirra handleiðslu í um 10 ár áður en hann setti sjálfur upp svett í framhaldinu við Meðalfellsvatn í Kjós. Úr þessu varð til sterkur hópur sem sem þróaðist yfir í vettvang þar sem Tólli bauð fyrrverandi föngum að taka þátt og koma í svett. Allar götur síðan hefur svettið verið þungamiðjan í Bataakademíunni.



Tilgangur svettsins er að nota tjaldið til að „deyja og endurfæðast“ sem er rauði þráðurinn í allri andlegri vinnu og þannig hefur einnig svett Bataakademiunnar verið þróað. Þess vegna er djúpur tilgangur í hverri lotu til að nálgast og vinna úr því sem líkaminn er að geyma. Á þennan hátt er svettið notað til að takast á við bælingu, flóttu og treysta elementunum sem svettið byggir á og taka þátt í því. Svettið er þannig uppbyggt að margir upplifa sterkar tilfinningar í tjaldinu sem hafa ekki áður komið fram. Þar er grátið, þar er hlegið, sungið og dvalið saman.

Sólgarður

Að Sólgarði er aðalstarfsstöð Bataakademiunnar þegar kemur að svetti. Sólgarður er eins og hálf hektara landsvæði við Grafará, staðsett á milli Apavatns og Laugarvatns. Grafará er bergvatnsá sem kemur úr fjöllum fyrir ofan Laugarvatn og þegar áin kemur á flatirnar þar sem Sólgarður stendur þá rennur hún í mjúkum boga, lygn en straumpung. Áin er vinsæl til að kæla sig í á milli lota en þannig aðstoðar náttúran okkur við að tengja sig við móður jörð.


Að Sólgarði hefur verið unnið að því að byggja upp aðstöðu til andlegrar iðkunnar. Nú þegar hafa verið fest kaup á 30 fermetra húsi sem bætist við 60 fermetra sumarhús sem þegar stendur á landinu. Einnig er leyfi fyrir uppsetningu á 100 fermetra byggingu sem hugsuð er sem fjölnota hús þar sem hægt er að vera með hópavinnu af ýmsum toga.

Bataakademían er að jafnaði með tvö svett í mánuði að Sólgarði þar sem koma saman íbúar Batahúsanna og auk félaga Bataakademiunnar. Þannig er þetta mikilvægur staður til að búa til og endurnýja tengsl við sjálfan sig og aðra. Íbúum Batahúsanna býðst að aðstoða við undurbúning svettanna og algengt er að það þróist í þá átt að viðkomandi verði leiðandi í svettinu með einum eða öðrum hætti.


Auk þessa eru að jafnaði haldin 1-2 svett í mánuði að Sólgarði þar sem þátttakendur eru blandaðir hópar úr ýmsum áttum. Félagar í Bataakademiunni sjá um þessi svett og það er mikilvægur hluti aðlögunar og valdeflingar þeirra sem hafa verið jaðarsettir allt sitt líf. Inn í tjaldinu eru allir jafnir og þetta er því stór áfangi fyrir þessa einstaklinga í að læra að verða hluti af og taka þátt í samfélaginu.

Verkferill

Verkferill sem boðinn yrði í fangelsunum fjórum;
á Hólmsheiði, Litla Hraun, Sogn og Kvíabryggju



- Bataakademían
- Meðferð
- Áfangahús
- Áfalla- og fíknimeðferð



Batahús: Hagræn og samfélagsleg áhrif úrræða fyrir einstaklinga eftir afplánun

Inngangur

Endurkomutíðni fanga á Íslandi hefur verið há undanfarin ár. Á árunum 2018–2022 var hún að meðaltali 46,8%. Rannsóknir sýna að meirihluti þeirra sem ljúka afplánun glíma við flókna félagslega og andlega erfiðleika, þar með talið fíknivanda, ADHD og áfallasögu. Þrátt fyrir þetta skortir markviss úrræði sem mæta þessum einstaklingum við lok afplánunar, en slíkur stuðningur getur bæði sparað samfélaginu kostnað og bætt lífsgæði einstaklinganna og aðstandendur þeirra.

47%
endurkomu-
tíðni fanga
sl. 4 ár

Tilgangur og hlutverk Batahúss

Batahús er úrræði sem veitir húsnæði og jafningjastuðning með einstaklingsmiðaðri, þverfaglegri og áfallamiðaðri nálgun fyrir fólk sem hefur nýlengið afplánun. Tilgangurinn er m.a. að draga úr líkum á endurkomu í fangelsi, veita stuðning við bata og tryggja húsnæði sem grundvöll fyrir sjálfstætt líf og endurhæfingu. Með því að styðja einstaklingana í samfélaginu frekar í samræmi við starfsemi Batahúss þá skapast skilyrði fyrir; lækkan á endurkomutíðni í fangelsi, samfélagslegs sparnaðar og heilbrigðara samfélag.

Í skýrslu stýrihóps um málefni fanga frá árinu 2021 sem gefin var út af félagsmálaráðuneytinu má nálgast upplýsingar um samfélagslegan kostnað vegna fanga. Árlegur meðalkostnaður (viðmiðunarár 2021) á hvern fanga var á bilinu 14,0–17,8 m. kr. Miðgildi þess kostnaðar miðað við verðlag 2024 er 21,1¹ m. kr. Í þeim kostnaði er ekki talinn með annar afleiddur kostnaður s.s. vegna framleiðslutaps, tjóns aðstandenda og þolenda þeirra sem hafa brotið af sér.

Í rannsókn sem unnin var af Avalere Health um kostnað Bandaríkjana vegna óþjófíðafíknar sem gefin var út í maí 2025 kemur fram að kostnaður samfélagsins er metinn annars vegar sem beinn kostnaður sem var um 20 m. kr. á hvern einstakling en að viðbættum kostnaði sem flokkaðist „Patient Burden²“ þá hækkaði kostnaðurinn í 85. m. kr. á hvern einstakling á ári. Umræddir hópar, annars vegar sem sækja Batahús og hinsvegar þeir sem fjallað var um í rannsókn Avalere Health, teljast vera áþekkir enda glíma allir þeir sem koma í Batahús við töluverðan og langvarandi fíknivanda sem veldur umtalsverðum samfélagslegum kostnaði.

Þeir einstaklingar sem sækja þjónustu Batahúss eiga yfirleitt langa afbrota-, fíkní- og áfallasögu. Sterkar vísbendingar er um að þessi hópur sé með töluvert hærri endurkomutíðni í fangelsi, en aðrir hópar sem lokið hafa afplánun, og leita fljótt í sama líferni eftir að hafa lokið fullnustu refsingu. Þar af leiðandi er mikill ávinningur fyrir samfélagið, einstaklingana og aðstandendur þeirra að rjúfa þá hringrás sem þessir einstaklingar leita yfirleitt í.

Starfsemi fyrir karla – Húsnæði 1

Starfsemi batahúss fyrir karlmenn hófst árið 2021. Frá þeim tíma hafa 36 einstaklingar fengið þjónustu. Meðalkostnaður fyrir hvert pláss árið 2024 voru 3,9 m. kr. (Brúttó). Á móti greiða einstaklingar leigu fyrir að búa í Batahúsi sem lækkar meðalkostnaðinn í 2,4 m. kr. (Nettó).

¹ Miðgildi kostnaðar úr skýrslu stýrihóps um málefni fanga. Grundvöllur á útreikningi fyrir verðlag 2024 er birt ársmeðaltal vísitölu neysluverðs á vef Hagstofu Íslands..

² Patient burden er hugtak sem notað er í heilbrigðisþjónustu og rannsóknnum til að lýsa álagi sem sjúklingar verða fyrir vegna veikinda sinna og/eða meðferðar. Þetta hugtak nær bæði yfir klíniska, sálfélagslega og fjárhagslega þætti. Lýsir líkamlegu álagi, kvíða, þunglyndi, félagslegri einangrun, áhrif á fjölskyldulíf, ferðir á heilbrigðisstofnanir, bið eftir viðtölum, tími sem fer í lyfjatöku eða endurhæfingu o.s.frv.




Rekstrarkostnaður	
Húsnæðiskostnaður	8.721.532
Launakostnaður	12.999.148
Annar kostnaður	3.425.501
Húsaleigutekjur og húsgjald	10.216.900
Samtals	16.824.261



Rekstrarkostnaður að frádregnum leigutekjum var 17 m. kr. árið 2024. Rekstur Batahúss er að auki fjármagnaður með styrk frá Félagsmálaráðuneytinu.

Gott er að setja þennan kostnaði í samhengi við áætlaðan samfélagskostnað vegna afbrota hjá einstaklingum í neyslu en hann er á verðlagi 2024 um 21,4 m. kr. á ári. eða 85 m. kr. með hliðsjón af öðrum afleiddum kostnaði.

Ef horft er til árangurs af starfsemi Batahúss (fyrir karla) á árinu 2021 þá fengu 13 einstaklingar þjónustu það árið. Í dag hafa fjórir af þessum einstaklingum náð góðum bata frá árinu 2021. Aðrir hafa annað hvort leiðst út í áframhaldandi neyslu og/eða afbrot. Árlegur áætlaður samfélagslegur kostnaður vegna þessa einstaklinga ef enginn bati/stuðningur hafi verið fyrir hendi hefði orðið 278 m. kr. (verðlag 2024). Með árangri Batahúss þá lækkaði þessi kostnaður í 214³ m. kr. Með viðbættum rekstrarkostnaði Batahúss var kostnaðurinn samtals árið 2021 um 231 m. kr. þar af leiðandi var samfélagslegur ávinningur það árið um 47 m. kr.




Mynd 1. Fjárhagslegur ávinningur af Batahúsi (f. karla) 2021, í m.kr. á verðlagi 2024

Á mynd 1 má sjá samanburð af kostnaði samfélagsins við að fjárfesta í og ekki í úrræðum fyrir umrædda einstaklinga til að rjúfa þeirra lífsmynstur. Með hliðsjón af háum samfélagskostnaði vegna þessa hóps þá eru gríðarleg tækifæri fyrir samfélagið að fjárfesta í úrræði eins og Batahús.

Greining hér að ofan sýnir á árinu 2021 skilaði hver króna sem fjárfest var í Batahúsi fyrir karlmenn um 3,8 krónum til baka í samfélagslegum ávinningi á því ári. Heildarsamfélagslegur sparnaður vegna þjónustunnar það ár var 47 milljónir króna. Samfélagslegur sparnaður heldur áfram að vaxa frá þeim tíma sem einstaklingur útskrifast úr Batahúsi til þess tíma sem einstaklingurinn er í bata eins og sjá má á mynd 2.

³ Gert er ráð fyrir að um 25% af útgjöldum vegna fanga haldist áfram vegna einstaklinga sem ná bata.



Mynd 2. Ávinningur af starfsemi Batahúss (f. karla) árin 2021-2024

Á myndinni má sjá hvernig samfélagslegur sparnaður vex milli árunna 2021 til 2024 vegna einstaklinga sem voru í Batahúsi árið 2021. Ekki er reiknað með rekstrarkostnaði Batahúss á árunum 2022 til 2024 vegna þess að einstaklingarnar eru ekki að fá þjónustu þaðan á þeim tíma.

Ef ábatagreiningin tekur mið af kostnaði sambærilegum þeim og fram kom í rannsókn Avalere Health og gert er ráð fyrir að meðalkostnaður samfélagsins vegna þeirra einstaklinga sem sækja Batahús sé um 85 m. kr. á ári, ef ekkert er gert til að rjúfa lífsmunstur, þá eykst fjárhagslegur ábati umtalsvert. Fyrir hverja krónu sem varið er í Batahús þá skilar hún til baka 15,2 kr. til samfélagsins.

Starfsemi fyrir konur – Húsnæði 3

Batahús fyrir konur hóf starfsemi haustið 2022. Þar hafa 12 konur fengið stuðning og 11 af þeim eru í virkni og neyta ekki fíkniefna. Meðalkostnaður á plássi árið 2024 var 4,7 m. kr. en þegar leigutekjur er dregnar frá þá var meðalkostnaðurinn 3,5 m. kr.

Rekstrarkostnaður 2024	
Húsnæðiskostnaður	3.851.890
Launakostnaður	11.770.085
Annar kostnaður	2.307.299
Húsaleigutekjur og húsgjald	5.035.170
Samtals	13.976.949





Þeir sem ná árangri og útskrifast eru að jafnaði 1 ár í Batahúsi.

Meðalkostnaður fyrir hvert pláss er um 2,1* m.kr. árið 2024.

Samfélagslegur kostnaður vegna afbrota er um 21,4* m.kr. á ári á hvern einstakling.

Rekstrarkostnaður að frádregnum leigutekjum var 14,0 m. kr. árið 2024. Rekstur Batahús GR13 er að auki fjármagnaður með styrk frá félagsmálaráðuneytinu.


Eins og áður hefur komið fram þá er áhugavert að skoða þennan kostnað samanborið við áætlaðan samfélagskostnaður vegna afbrota hjá einstaklingum sem eru í neyslu.

Ef horft er til árangurs af starfsemi Batahúss fyrir konur á árinu 2024 þá fengu fjórir einstaklingar þjónustu það árið. Í dag hafa tveir af þessum einstaklingum náð góðum bata frá árinu 2022. Árlegur áætlaður samfélagslegur kostnaður vegna þessa einstaklinga, ef enginn bati/stuðningur verið fyrir hendi, hefði orðið 85 m. kr. (verðlag 2024). Með árangri Batahúss þá lækkaði þessi kostnaður í 53 m. kr. Með viðbættum rekstrarkostnaði Batahúss var kostnaðurinn samtals um 67 m. kr. árið 2022 þar af leiðandi var samfélagslegur ávinningur það árið um 18 m. kr.



Mynd 3. Fjárhagslegur ávinningur af Batahúsi (f. konur) 2022, í m.kr. á verðlagi 2024

Greiningin hér að ofan sýnir að árið 2022 skilaði hver króna, sem fjárfest var í Batahúsi fyrir konur, um 2,3 krónum til baka í samfélagslegum ávinningi. Heildarsamfélagslegur sparnaður vegna þjónustunnar það ár var 18 m. kr. Samfélagslegur sparnaður heldur áfram að vaxa frá þeim tíma sem einstaklingur útskrifast úr Batahúsi til þess tíma sem einstaklingurinn er í bata eins og sjá má á mynd 3.



Mynd 4. Ávinningur af starfsemi Batahúss (f. konur) árin 2022-2024

Á myndinni má sjá hvernig samfélagslegur sparnaður vex milli áranna 2022 til 2024 vegna einstaklinga sem voru í Batahúsi fyrir konur árið 2022. Ekki er reiknað með rekstrarkostnaði Batahúss á árunum 2023 til 2024 vegna þess að einstaklingarnar voru ekki að fá þjónustu þaðan á þeim tíma.

Á árinu 2022 var samfélagslegur sparnaður vegna starfsemi Batahúss fyrir konur 17 milljónir króna og hver fjármögnun króna skilaði 2,3 krónum til baka. Skýringar á lægri fjárhagslegum ávinningi samanborið við karla felast einkum í færri plássum (4 í stað 7).

Ef ábatagreiningin tekur mið af kostnaði sambærilegum þeim og fram kom í rannsókn Avalere Health og gert er ráð fyrir að meðalkostnaður samfélagsins vegna þeirra einstaklinga sem sækja Batahús sé um 85 m. kr. á ári, ef ekkert er gert til að rjúfa lífsmunstur, þá eykst fjárhagslegur ábati umtalsvert. Fyrir hverja krónu sem varið er í Batahús þá skilar hún til baka 9,1 kr. til samfélagsins.

Niðurstaða

Batahús hefur sýnt fram á raunverulegan árangur í að draga úr endurkomutiðni og bæta lífsgæði einstaklinga sem ljúka afplánun. Úrræðið styður við stefnu stjórnvalda um að draga úr endurkomutiðni fanga og skilar verulegum samfélagslegum og fjárhagslegum ávinningi. Til að ná hámarks árangri er brýnt að fjölga úrræðum, bæta aðstöðu og auka aðgengi að meðferð og stuðningi. Með heildstæðari nálgun getur Batahús orðið enn öflugra tæki í endurhæfingu og samfélagsbata.

Framtíðin

Áætlanir Batahúss gera ráð fyrir að fjölga einstaklingum sem geta sótt þjónustu Batahúss á ári hverju. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi plássna gæti orðið allt að 19. Með stækkandi starfsemi er nauðsynlegt að horfa til aukinnar gæða og samþættingar í starfseminni sem kallar á stöðugildi stjórnanda yfir allri starfseminni. Reynsla Batahúss sýnir að nauðsynlegt er að tengja starfsemina við önnur meðferðarúrræði til að tryggja samþættingu þjónustu milli úrræðanna. Þar af leiðandi er lögð áhersla á að gera samning við Krýsuvík um meðferðarþjónustu fyrir einstaklinga sem vilja




sækja þjónustu í Batahúss. Síðast en ekki síst er mikilvægt að efla þjónustu við einstaklingana sem miðar að reglulegum viðtölum við sérfræðinga í áfalla- og fíknimeðferðum, bjóða upp á almenna fjármálaráðgjöf og kennslu o.s.frv.

Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður (brúttó) fyrir viðbótarstarfsemi verði um 76 m. kr. en gera má ráð fyrir að leigutekjur verði sambærilegar og eru fyrir í núverandi starfsemi svo að nettó viðbótarrekstrarkostnaður verður um 66 m. kr.

Rekstrarkostnaður Stækkun Ár 1	
Nýtt batahús, leiga, laun og annar rekstur.	33.000.00
Félagsaðstaða fyrir Bataakademíuna	3.000.000
Dýpri vinna og þarfagreining	25.000.00
Samstarf við Krýsuvík um meðferðarþjónustu	5.000.000
Framkvæmdarstjóri/Rekstrarstjóri o.fl.	10.000.000
Rekstrarkostnaður alls (Brúttó)	76.000.000
Leigutekjur	- 10.000.000
Rekstrarkostnaður alls (Nettó)	66.000.000

Með hliðsjón af núverandi starfsemi, og þeirri sem áætlanir eru um, þá má vænta þess að heildarrekstrarkostnaður (nettó) á ári verði um 97 m. kr.

Ef stuðst er við sömu forsendur og í greiningum hér að framan um núverandi starfsemi Batahúss þá bendir allt til þess að stækkun á starfsemi Batahúss muni skila áframhaldandi samfélagslegum sparnaði.




Mynd 5. Væntu fjárhagslegur ávinningur með stækkun Batahúss

Eins og mynd 5 sýnir þá mun samfélagslegur sparnaður með stækkun Batahús skila um 69 m. kr. samfélagslegum sparnaði. Slíkur ávinningur jafnast á við að með hverri krónu sem varið er í Batahúss með stækkun þess og fjölbreyttari starfsemi þá muni 1,7 kr. koma til baka til samfélagsins.



Fjöldi einstaklinga sem ná árangri (af 19)	10	12	14	16
Success Rate	35,3%	42,1%	47,4%	54,5%
Árlegur samfélagslegur sparnaður m. kr.	66	101	126	160
Þá mun 1. kr. í Batahús skila til baka	1,7 kr.	2,1 kr.	2,4 kr.	2,8 kr.

Í dag er meðalkostnaður á hvern notanda um 2,8 m. kr. en miðað við stefnu Batahúss um bætta þjónustu þá gera áætlanir ráð fyrir að meðalkostnaður á hvern notanda þjónustunnar fari í 5,1 m. kr. á ári. Þrátt fyrir að meðalkostnaður með hverjum notanda þjónustunnar hækki frá núverandi fyrirkomulagi þá mun fjárhagslegur ábati af starfsemi Batahúss vera áfram sterkur en auka lýkur á að fjölga einstaklingum sem ná bata með auknu samstarfi um meðferðarþjónustu o.s.frv.



Mynd 6. Núvirtur uppsafnaður ávinningur í m. kr. á 15 ára tímabili

Ef árangur af starfsemi Batahúss heldur áfram að aukast þ.e.a.s. fleiri einstaklingar sem ná bata þá mun „Success Rate“ hækka sem leiðir til aukins samfélagslegs ávinnings. Jafnframt er mikilvægt að benda á að samfélagslegur ávinningur heldur áfram að vaxa með hverjum einstaklingi sem nær bata yfir þann tíma sem viðkomandi er í bata. Mynd 6 sýnir hvernig samfélagslegur sparnaður safnast upp í m. kr. ef 35,3%-54,5% þeirra sem sækja Batahús ná bata yfir 15 ára tímabil.

Ef horft er til þátta eins og „Patient Burden“ þá eykst ábatinn umtalsvert og fer úr því að vera á bilinu 1,7-2,8 kr. fyrir hverja krónu sem varið er í Batahús í að vera á bilinu 7,3-11,3 kr. fyrir hverja krónu sem varið er í Batahús.

Fjöldi einstaklinga sem ná árangri (af 19)	10	12	14	16
Success Rate	35,3%	42,1%	47,4%	54,5%
Árlegur samfélagslegur sparnaður m. kr.	566	694	793	926
Þá mun 1. kr. í Batahús skila til baka	7,3 kr.	8,7 kr.	9,8 kr.	11,3 kr.

Sollusjóður



Geinargerð um Sollusjóð

Sollusjóður var stofnaður árið 2021 af Bata góðgerðarfélagi og starfar sjálfstætt samhliða honum.

Tilgangur Sollusjóðs er að styrkja skjólstæðinga Bata til að aðlagast samfélaginu eftir fangavist, s.s. í formi menntunar, sjálfstyrkingar og sérfræðiaðstoðar.

Sjóðurinn hefur styrkt skjólstæðinga sína um tæplega 13 milljónir frá stofnun í um 160 verkefnum af ýmsu tagi. Sjóðurinn er ótvírætt mikill stoð fyrir skjólstæðinga Bata í bataferlinu og opnar möguleika á fjölbreyttum bataaðferðum. Styrkjum hefur verið veitt m.a. fyrir vímuefnaeðferð, sjúkraþjálfara, grunn tannlæknaþjónustu, námskeið af ýmsu tagi og nám í framhaldsskólum.

Styrkir hafa komið úr ýmsum áttum en að miklu leiti frá nánasta umhverfi félagsmanna Bata góðgerðarfélags.



Núverandi úrræði

Sogn

Að Sogi er svettjtaldið staðsett við fallegan árbakka í gili vestan við aðalhúsin. Gilið gengur upp í fjöllin sem mynda skál í kringum tjaldið og fjöllin veita síðan skjól fyrir norðan- og vestanátt. Til suðurs er fallegt útsýni yfir flóann og út á hafið. Tjaldið stendur þarna við tjörn sem áður var uppistöðulón fyrir virkjun en var notuð í seinni tíð sem fiskeldis-tjörn. Hún er í dag nýtt til kælinga milli lota í svetti. Þetta tjald er lægra og aðeins minna heldur en önnur tjöld sem notuð eru á öðrum stöðum. Það tekur með góðu móti 16 manns í svett. Tjaldið er ekki með viðargólf en þáttakendur sitja á mottum á naktri jörðinni. Eldstæðið er niðurgrafið sunnan við tjaldið og þaðan er það borið inn í tjaldið.

Fyrsta svettið að Sogni var haldið í lok maí 2024. Frá þeim tíma hafa verið 10 svett fyrir karla og 3 svett fyrir konur. Að jafnaði eru 3-5 að mæta á staðinn og samanstendur sá hópur af fyrrverandi föngum sem eru að starfa innan Bataakademiunnar. Þáttakendur eru á bilinu 6-10. Hjá sumum er þátttaka í þessu ein stærsta tilhlökkun afplánunar þeirra.

Kvíabryggja

Tjaldið að Kvíabryggju er staðsett við sjávarbakka norðan við húsin. Þar er fagurt útsýni yfir innfirðina og hið mikla Kirkjufell. Eldstæðið er norðan við tjaldið og því vísar hurðagátt tjaldsins til norðurs. Að jafnaði eru 3-5 að mæta á staðinn og saman stendur sá hópur af fyrrverandi föngum sem starfa innan Bataakademiunnar. Þáttakendur eru á bilinu 8-12. Fimm svett hafa verið haldin á Kvíabryggju.

Litla Hraun

Bataakademian fer einu sinni í viku með fundi á Litla-Hraun þar sem iðkuð er öndun, hugleiðsla og 12 spora samtal auk þess þá eru haldnir reglulega stærri viðurðir með sama efni í leikfimissalnum. Fyrirhugað er að halda svett að Litla-Hrauni. Markmiðið er að ná að byggja upp kjarna til að geta hafið svett á staðnum en það verður metið í samstarfi við sérfræðinga meðferðargangsins hvenær þeim áfanga er náð. Vonir standa til að það geti orðið á þessu ári. Þetta er gert með skipulögðum heimsóknnum Bataakademiunnar í fangelsið þar sem meðlimir hennar bjóða upp á öndunaræfingar, jóga og hugleiðslu.

Krýsuvík

Svettjtaldið er staðsett í fjöruborði lítills stöðuvatns sem hvílir í eldgíg í göngufæri norðan við byggingarnar. Fallegur staður og í skjóli fyrir vindum allra átta. Eldstæðið liggur vestan megin við tjaldið. Úr gátt tjaldsins er horft yfir vatnið og er það 20 metra frá tjaldinu sem gerir það aðgengilegt til að kæla sig á milli lota.

Þegar fyrsta svettið var haldið í Krýsuvík aðstoðaði Bataakademían við að setja upp tjaldið, stýrði fyrstu svettunum og aðstoðaði við að byggja upp menninguna. Jafnframt var unnið með meðferðarheimilinu að því að byggja þetta upp sem hluta af meðferðarstarfinu þannig að unnið er sérstaklega með skjólstæðingum í samtalsmeðferðum bæði fyrir og eftir svettið. Eftir að þessum áfanga var náð þá gaf Bataakademían Krýsuvíkursamtökunum tjaldið og í dag eru að jafnaði haldin 2 svett í mánuði sem hluti af meðferðarstarfinu.



Öndun

Skipulagðar öndunaræfingar og öndun er mikilvægur hluti af starfi Bataakademíunnar. Rétt öndun er ein áhrifaríkasta leiðin sem við höfum til að hafa bein áhrif á líkamlegt, andlegt og tilfinningalegt jafnvægi. Meðvitaður andardráttur hjálpar okkur að róa taugakerfið, minnka streitu, auka einbeitingu og bæta svefn. Regluleg öndun hjálpar einstaklingnum að auka skilning sinn og mynda bil milli tilfinnaviðbragða og þess að verða var við þau. Eitthvað sem þessir einstaklingar þurfa sérstakleg á að halda. Uppbygging á þessu hefur verið unnin í góðu samstarfi við Símenntun Háskólans á Akureyri og hafa meðlimir Bataakademíunnar tekið þátt í mótun netnámskeiða í samstarfi við Háskólann.

Hólmsheiði

Bataakademían hefur á undanförunum árum farið með reglulega viðburði í öll fangelsi. Í dag er farið einu sinni í viku á Hólmsheiði með öndun, jóga og samtal um samhfingu, reynslu, styrk og vonar. Farið er með sambærilega dagskrá einu sinni í mánuði á Sogn og eftir atvikum á Litla-Hraun. Jafnframt var Bataakademían með öndun með fjarbúnaði í covid faraldrinum einu sinni í viku.

12 spora samtal

Bataakademían fer með AA fundi inn í fangelsin þar sem meðlimir mæta á og stýra starfinu. Farið er einu sinni í mánuði að Sogni og einu sinni í viku að Hólmsheiði og eftir atvikum á Kvíabryggju og Litla-Hraun.

12 spora starfið þrýstir á menn að láta gott af sér leiða og þessar heimsóknir eru lykilatriði í bata. Þær stöðvar í heil anum sem hafa með kærleik að gera eru virkjaðar sem hefur jákvæð áhrif á boðfnabúskapinn í heilanum. Þetta róar taugakerfið og býr til getu til að halda utan um óróa og óróleika. Gefur líka sterkan tilgang í lífinu og að finna hann í þessu starfi og hugleiðslu.

Jafningjanámskeið (IPS - Intensional Peer Support)

Batakademían hefur átt í góðu samstarfi við „Traustan kjarna“ sem heldur utan um starf IPS á Íslandi. Þau hafa meðal annars tekið virkan þátt í innleiðingu námsins og verið samstarfsaðilar í norrænu verkefni tengt jafningjastuðningi fyrir fanga. Í heildina hafa 7 einstaklingar klárað IPS námskeið.

Jafnframt stendur Bataakademían fyrir ýmsum öðrum viðburðum sem tengjast jafningjastuðningi, partavinnu og innri vinnu ýmiskonar. Leitast er við að kynna það nýjasta sem er að gerast í meðferðarheiminum.



Áfangahús - Batahús

Batahús er einstaklingsmiðað bataúrræði við enda afplánunar þar sem einstaklingum er boðin heimilisaðstaða til allt að tveggja ára eða eftir atvikum til skemmri tíma. Unnið er með einstaklingum á jafningjagrundvelli út frá hugmyndum um áfallamiðaða nálgun.

Eitt af meginmarkmiðum Batahúss er að skapa aðstæður þannig að einstaklingur geti beint sjónum sínum frá neyslu og afbrotum og að sjálfsstyrkingu, vinnu, námi og samfélagslegri virkni. Aðstæður eru skapaðar með virðingu og kærleik að leiðarljósi.

- **Húsnæði 1** - Húsnæðið er einbýlishús með tveimur íbúðum. Húsnæðið rúmar sjö einstaklinga í fimm herbergjum og tveimur sjálfstæðum íbúðum. Það opnaði í janúar 2021 og forstöðumaður frá upphafi hefur verið Agnar Bragason. Þarna búa að jafnaði sjö einstaklingar og þeir koma flest allir beint úr fangelsum eða frá meðferðarstöð eftir að hafa verið í fangelsi.
- **Húsnæði 2** (konur) - Einbýlishús á þremur hæðum en miðhæðin er sameiginlegt rými. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi og gert ráð fyrir fjórum einstaklingum. Húsið opnaði árið 2022 og hefur verið í fullri notkun síðan. Frá opnun hafa ellefu konur farið í gegnum úrræðið. Konurnar hafa allar átt einhver refsivörslumál í kerfinu og flestar koma frá Krýsvík. Skilyrðið er að þær séu búnar að fara í meðferð og koma beint þaðan inn í Batahús.
- **Húsnæði 3** - Íbúð þar sem þrír einstaklingar geta búið eftir að viðkomandi flyst úr Batahúsi.

Einstaklingar sækja um að komast í Batahús nokkrum mánuðum áður en þeir losna úr fangelsi eða á meðan þeir eru að ljúka meðferð. Forstöðumaður er í sambandi við viðkomandi og sérstakt inntökuteymi tekur ákvörðun um hverjir eru teknir í Batahús. Í þessu teymi eru einstaklingar með fagþekkingu og reynslu er varðar fíknivanda og fangelsismál. Forstöðumaður er í reglulegu sambandi við meðferðarfulltrúa á meðferðargangi fangelsins áður en viðkomandi flytur í Batahús. Í sameiningu er farið yfir og skipulögð virkni o.fl. í samstarfi við viðkomandi einstakling.

Öll starfsemin miðar að því að teygja sig eins langt og þarf til að aðstoða viðkomandi einstakling og þannig heimsækir forstöðumaður Batahússins viðkomandi reglulega áður en flutningur á sér stað. Vinnan fyrstu vikunnar eftir flutninginn einkennist af mjög þéttu utnumhaldi. Fylgst er vel með viðkomandi með reglulegum viðtölum um stöðu og líðan.

Fjölbreytt starfsemi fer fram innan Batahúss og í góðu samstarfi við Bataakademíuna. Þetta starf er gríðarlega mikilvægt við að aðstoða einstaklinginn til að ná bata. Almenn skipulögð valdefling – skipulega er rætt við einstaklinginn og hann aðstoðaður við að ná tökum á eigin lífi og studdur áfram í þá átt sem hann vill stefna. Tengingar við félagsráðgjafa, umsókn í Grettistak, umsókn um nám o.fl. Samhliða byrjar einstaklingurinn í fíknimeðferðarviðtölum í samstarfi við Vörðuna-meðferðarmiðstöð eða aðra aðila.

Dæmi um nokkur atriði sem eru hluti af starfi Batahúsa í samstarfi við Bataakademíuna:

- Heimsóknir í fangelsi – Þeir einstaklingar sem það kjósa geta heimsótt fangelsin reglulega með jafningjastuðning og leitt öndun, hugleiðslu, 12 spora starf, svett o.fl. Í þessum heimsóknum felst mikil valdefling sem fólgin er í að öðlast tilgang að geta gefið af sér og látið gott af sér leiða.





- **Skipulögð afþreying** – Þetta er mikilvægt til að styrkja hópinn og einstaklingana. Það sem við tölum um sem eðlilegar tengingar og að komast í þennan samhljóð við sjálfan sig og umhverfið skiptir miklu máli. Þetta hjálpar einstaklingum að kynnast annarri hlið á lífinu og vera hluti af samfélagi. Það að tilheyra hópi á heilbrigðan hátt og taka þátt í svona starfi skiptir gríðarlega miklu máli til að ná árangri með sjálfan sig. Margir einstaklingar hafa t.d. aldrei farið í leikhús eða farið út fyrir höfuðborgina áður. Dagskráin er skipulögð af forstöðumanni í mjög þéttu samstarfi við íbúa hússins. Öll praktísk atriði eru skipulögð í sameiningu og reynt að gera allt sameiginlega. Það sem um ræðir eru t.d. skíðaferðir, leikhúsferðir, út að borða, líkamsrækt, fjallganga o.fl.
- **Svett** – Íbúar í Batahúsi halda utan um efnisöflun og undirbúning svetta hjá Bataakademíunni. Vinna við þjónustu í svettinu, hafa tilgang í undirbúningnum og á meðan svettinu stendur t.d. með að afla hráefnis fyrir viðburði, taka þátt í athöfnum í svettinu, sjá um medicine, bera steina o.fl. Samvera og tilgangur er lykilmarkmiðið en einnig að öðlast reynslu af því að vinna enda hafa margir þessara einstaklinga aldrei tekið þátt á vinnu-markaði og þurft að axla ábyrgð á verkefnum eins og þessum. Almennu eru það 50-60% íbúa sem eru að nýta sér svettið og taka þátt í því með reglulegum hætti. Margir verða þátttakendur af dýpt og leiðandi þegar fram í sækir. Þessir einstaklingar eru seinna oftast duglegastir að sækja öndun og leiða slíkt starf áfram.
- **Öndun, hugleiðsla og jóga** - Létt öndun er tekin á morgnana fyrir hugleiðsluna. Í svettinu er tekin öndun og í starfinu inn í fangelsunum er öndunin notuð markvisst. Flestir hafa kynnst önduninni meðan þeir voru í fangelsunum þegar aðrir einstaklingar í bata komu inn í fangelsin. Þessir einstaklingar fara síðan aftur inn í fangelsin eftir að hafa tekið það dýpra og lært öndun á sérstökum námskeiðum erlendis. Dæmi um það er „Breathwork journey“ og „Wimhof“ öndun sem einstaklingar í Batahúsi og Bataakademíunni hafa lært og fara með kunnáttuna inn í fangelsi.





- Grettistak - Íbúar Batahús skrá sig yfirleitt í Grettistak og taka þátt í endurhæfingu þar. Það hefur gefist mjög vel.
- Hugarafl. Það er algengt að íbúar Batahúsi taki þátt í starfinu hjá Hugarafl.
- Nám (framhaldsskóli og háskóli) og námskeið - Þarna eru dæmi um að einstaklingar hafa farið í fjarnám í framhaldsskólum, verknám ýmiskonar o.fl. Batahúsið aðstoðar viðkomandi að komast í það nám sem þeir vilja, aðstoða þá við að yfirstíga hindranir o.fl.
- 12 sporastarf. Allir sem koma í Batahús eru hvattir til að taka þátt í 12 spora starfi. Sækja sér sponsor og tengjast því starfi sem á sér stað innan þeirra. Eiginlega allir einstaklingar sem hafa búið í Batahúsi taka þátt í þessu starfi og starfsemi hússins.
- IPS námskeið (Jafningjastuðningsnámskeið)
- Samskipti við fjölskyldur, börn o.fl. - Samskipti íbúa við fjölskyldu eru oft mjög flókin og margir sem koma hafa tapað öllum samskiptum við baklandið. Þessir einstaklingar þurfa oft mikinn stuðning við að byggja slíkt upp aftur sé það til staðar eða mögulegt. Batahús og starfsemi þess ýtir markvisst undir og hvetur til þess að einstaklingar tengist börnunum sínum enda eru þau ávallt velkomin í Batahúsið. Forstöðumaður ræðir af dýpt um þessi mál, hvernig fjölskyldumynstrið er og hvernig hægt sé að bæta það.

Næsti áfangi - Meiri árangur!

Fjárfest í framtíðinni

Á síðustu árum hefur skapast mikil þekking um þessi mál og árangurinn er þegar farinn að skila sér í auknum lífsgæðum fyrir þá einstaklinga sem hafa farið gegnum Batahús og eru þátttakendur í Bataakademíunni. Starfsemin hefur líka sýnt sig að vera gríðarlega góð fjárfesting og mælanlegur ávinningur hins opinbera er mjög mikill. Nú er ætlunin að fara af stað með næsta áfanga í þessari uppbyggingu. Markmiðið með honum er tvíþættur, annarsvegar að geta tekið fleiri einstaklinga í Batahúsin en um leið að efla starfsemina og dýpka til að ná enn betri tölfræðilegum árangri með hvern einstakling. Með þetta að leiðarljósi leitum við eftir samtali og stuðningi við hið opinbera (ríki og sveitarfélög), fyrirtækja og einstaklinga um að koma að þessu mikilvæga fjárfestingarverkefni.

1. Nýtt batahús verði opnað 1. janúar 2026

Eftir því sem starfsemin hefur orðið öflugri og er byrjuð að sanna sig þá hefur eftirspurnin aukist eftir rýmum í Batahúsi og þátttöku í starfi Bataakademíunnar. Þetta kallar á að við mætum þessari eftirspurn með því að bæta við nýju húsi sem myndi rúma á bilinu 6-8 einstaklinga. Gert verði ráð fyrir því að það verði rekið með sambærilegum hætti og núverandi Batahús.

2. Dýpri vinna, sérstök þarfagreining og sérsniðið nám fyrir hvern og einn einstakling:

Reynsla síðustu ára sýnir að við erum að ná góðum árangri en með markvissum næstu skrefum og dýpri vinnu þá er mögulegt að ná enn betri árangri með hvern einstakling og auka þannig líkur á bata. Með þetta að leiðarljósi þá höfum við sett upp áætlun um næstu skref sem miðar að þessu. Hver einstaklingur sem kemur í Batahús fari gegnum dýpri þarfagreiningu sem unnin verði í samstarfi ólíkra aðila í framhaldi verði eyrnamerkt ákveðið fjármagn viðkomandi einstaklingi sem hann geti notað til að sækja sér menntun á breiðum grunni.

- Regluleg viðtöl við áfalla- og fíknifræðing. Byrjað verði á 3 tímum og síðan þurfi einstaklingurinn 1-2 tíma mánuði meðan viðkomandi er í Batahúsi. Þetta gæti kostað um 10 milljónir króna.
- Fjármálaráðgjöf og kennsla. Haldið verði námskeið annanhvern mánuð og samhliða einstaklingsviðtöl og ráðgjöf. Gert verði ráð fyrir að hver einstaklingur geti fengið 6 einstaklingsrágjafartíma á ári meðan viðkomandi er í Batahúsi og fyrsta árið eftir að dvöl þar lýkur.
- Efling á Sollusjóð. Mögulegt verði að veita styrki til námskeiðahalds og náms til hvers einstaklings sem býr í Batahúsi og tekur þátt í Bataakademíunni. Þetta á við t.d. um námskeið, bílpróf, afmælisgjafir fyrir börnin sín og stuðningur við ýmis valdeflandi verkefni sem einstaklingarnir taka þátt í. Mikilvægt að efla sjóðinn til að koma inn í þessi verkefni.

3. Félagsaðstaða fyrir Batahús og Bataakademíuna

Í ljósi þess hve starfsemin hefur vaxið þá er orðið mikilvægt að koma upp aðstöðu til námskeiðahalds og annarrar iðkunnar Bataakademíunnar og Batahús. Með þetta að leiðarljósi er gert ráð fyrir að leigja húsnæði fyrir slíka starfsemi. Kostnaður er um 200 þúsund krónur á mánuði.



4. Samstarf við Krýsuvík um meðferðarþjónustu

Gerður verði sérstakur samningur Batahúss við meðferðarheimilið í Krýsuvík með það að markmiði að einstaklingar í fíkníóðjafnvægi (neyslu) eða þeir sem þurfi tímabundið skjól af öðrum ástæðum hafi greiðan aðgang. Hugsunin er sú að þeir sem eru í Batahúsi hafi forgang að einu rými í 6 mánuði á ári í Krýsuvík og geti leitað þangað og komið aftur í Batahús að þeim tíma loknum. Þetta gerist með tvennum hætti:

- **Innlögn á Krýsuvík án þess að falla.** Algenzt er að einstaklingar í Batahúsi lendi í ýmskonar ójafnvægi án þess að það sé vegna fíkníóðjafnvægis. Ástæðan er sú að viðkomandi er að glíma við margskonar áfallastreituröskun og flókin tilfinningaheim. Þetta getur síðan framkallað mikið andlegt ójafnvægi sem er nánast öruggt að leiðir til fíkníóðjafnvægis sé ekki gripið inni. Við þessar aðstæður er mikilvægt fyrir þessa einstaklinga að komast í tímabundið í skjól og ná jafnvægi. Með samstarfi við Krýsuvík hefðu þessir einstaklingar möguleika á 1 vikna til nokkurra mánaða dvalar til að rétta sig af og koma síðan aftur í Batahús.
- **Innlögn í Krýsuvík þegar einstaklingar lenda í fíkníóðjafnvægi.** Þegar einstaklingar sem búa í Batahúsi lenda í fíkníóðjafnvægi þá hafi þeir forgang á rými hjá Krýsuvík að lokinni afeitrun. Sú meðferð geti þá tekið allt að 6 mánaði og að henni lokinni geti þeir komið aftur í Batahús.

5. Skrifstofustjóri í 50% stöðugildi

Í ljósi þess hve starfsemin hefur vaxið og nánast að fullu unnin í sjálfböðastarfi þá er mikilvægt að ráða skrifstofustjóra í 50% stöðugildi. Viðkomandi hefði yfirumsjón með bókhaldi og annarri pappírsvinnu varðandi starfsemina.

6. Húsnæðisúrræði fyrir einstaklinga við flutning úr Batahúsi

Þegar dvöl lýkur í Batahúsi þá þarf að taka við örugg leið í húsnæðismálum. Til að tryggja það leggjum við til að sett verði upp stýrihópur með aðkomu ríkis og sveitarfélaga sem meti möguleika þess að byggja óhagnaðardrífna íbúðir.

7. Mælingar á árangari starfseminnar

Öll vinna Batahúss og Bataakademiunnar hefur verið árangursmæld og í næsta áfanga er mikilvægt að styrkja þann þátt enn frekar. Mikilvægt að taka frá ákveðið fjármagn til að tryggja að slíkt geti verið gert með skipulögðum hætti.

		2026	2027
1	Nýtt batahús, leiga, laun og annar rekstur.	33.000.000	33.000.000
2	Dýpri vinna með hverjum einstaklingi – Aukinn árangur	25.000.000	25.000.000
3	Félagsaðstaða fyrir Bataakademíuna	3.000.000	3.000.000
4	Samstarf við Krýsuvík um meðferðarþjónustu	5.000.000	5.000.000
5	Framkvæmdarstjóri/Rekstrarstjóri o.fl.	10.000.000	10.000.000
6	Uppbygging húsnæðis að lokinni dvöl í Batahúsi (Undirbúningur)	2.000.000	2.000.000
7	Mælingar á árangri	2.000.000	2.000.000
	ALLS	80.000.000	80.000.000

